

AUGLÝSING

um afnám reglugerðar nr. 54/1983 um notkun nítríta og formalíns sem rotvarnarefni til geymslu á loðnu og öðrum bræðslufiski.

1. gr.

Reglugerð nr. 54/1983 um notkun nítríta og formalíns sem rotvarnarefna til geymslu á loðnu og öðrum bræðslufiski er hér með felld úr gildi.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 19. janúar 1995.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

24. janúar 1995

Nr. 57

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, að því er tekur til landnotkunar á lóðinni Laufásvegur 31.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 24. janúar 1995, staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, 1990-2010 að því er tekur til landnotkunar á staðgreinireit 1.1.

Breytt landnotkun á lóðinni nr. 31 við Laufásveg, þ.e. úr íbúðasvæði í verslunar- og þjónustusvæði.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 24. janúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.